

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Hulduhólasvæðis og Helgafellshverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtaldar þrjár breytingar á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi 3. áfanga Helgafellshverfis, sem felst í því að þrjár einbýlislóðir neðan Snæfríðargötu eru sameinaðar í tvær stærri lóðir og opið leiksvæði fært til. Samþykkt í bæjarstjórn 4. júní 2008.

Breyting á skipulagsskilmálum Hulduhólasvæðis, sem felst í því að allt að 50 m² flatarmáls kjallara eða neðri hæðar húss megi koma til viðbótar áður leyfðri hámarksstærð sem er 300 m². Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar þann 26. júní 2008.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Helgafellshverfis, sem felst í því að lóðin Ástu-Sólliljugata 23-25 fær aðkomu frá Bergrúnargötu og heitir eftir það Bergrúnargata 7-9. Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 17. júlí 2008.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Mosfellsbær hefur lýst því yfir að hann taki að sér að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir vegna breytinganna.

F.h. Mosfellsbæjar, 1. ágúst 2008,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. ágúst 2008